

Föstudaginn 27. mars 1998.

Nr. 133/1998.

Vegmerking sf.

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

gegn

Njörva ehf.

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. mars 1998, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að fellt yrði úr gildi fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði samkvæmt kröfu sóknaraðila hjá Hafbeitarstöðinni Kleifum ehf. við endurupptöku fjárnámssgerðar 22. október 1997. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að fyrrnefnt fjárnám verði staðfest, en varnaraðila auk þess gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Sóknaraðili fékk gert fjárnám hjá Hafbeitarstöðinni Kleifum ehf. 10. janúar 1996 fyrir kröfu, sem þá var að fjárhæð 1.705.136,90 krónur. Fjárnámið var gert í kröfu, sem gerðarþoli taldi sig eiga á hendur Vátryggingafélaginu Skandia hf. vegna tjóns á fiskeldiskvíum sínum í desember 1992. Sóknaraðili tilkynnti tryggingafélaginu um fjárnámið 11. janúar 1996. Ágreiningur var um þá kröfu gerðarþola. Gekk héraðsdómur um hana 14. júní 1996 og dómur Hæstaréttar 15. maí 1997, þar sem Vátryggingafélag Íslands hf., sem hafði þá tekið við aðild að málinu, var dæmt til að greiða gerðarþola 23.253.724 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði. Þegar sá dómur gekk, höfðu fleiri fjárnám verið gerð í kröfu gerðarþola á hendur tryggingafélaginu, og auk þess mun því hafa borist yfirlýsing hans 5. ágúst 1996 um framsal kröfunnar til varnaraðila, sem var síðan ítrekuð með yfirlýs-

ingu 26. september 1997. Vegna óvissu um réttindi yfir kröfunni varð Vátryggingafélag Íslands hf. ekki við ósk sóknaraðila um greiðslu í skjóli fjárnáms hans. Með bréfi til sýslumannsins í Reykjavík 20. október 1997 óskaði sóknaraðili eftir endurupptöku fjárnámsins frá 10. janúar 1996. Sýslumaður tók þessa beiðni fyrir 22. október 1997 og ákvað gegn andmælum gerðarþola, að fjárnámið yrði endurupptekið. Var fjárnám síðan gert í greiðslu frá Vátryggingafélagi Íslands hf., að fjárhæð 2.285.850 krónur, sem sýslumanni mun hafa borist til varðveislu frá tryggingafélaginu 3. nóvember 1997.

Eins og að framan greinir, var fjárnám sóknaraðila á hendur Haf-beitarstöðinni Kleifum ehf. upphaflega gert 10. janúar 1996. Hvorki verður séð, að réttarágreiningur hafi orðið um þá gerð né að réttindi þriðja manns hafi staðið í vegi því, að sóknaraðili gæti leitað nauðungarsölu á kröfunni, sem fjárnám var gert í. Ágreiningur um kröfuna hindraði ekki, að sóknaraðili gæti krafist fullnustu á réttindum samkvæmt fjárnámi sínu, svo sem leiðir af 3. mgr. 71. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Þetta lét sóknaraðili hins vegar hjá líða. Samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 91. gr. laga nr. 90/1991, féll fjárnám hans þannig úr gildi 10. janúar 1997. Að svo komnu máli stóð ekki heimild til að endurupptaka fjárnámið 22. október 1997.

Áðurgreindar gerðir sýslumannsins í Reykjavík 22. október 1997 voru studdar við beiðni sóknaraðila, sem laut gagngert að endurupptöku fjárnámsins 10. janúar 1996. Er því ekkert hald í þeirri málsástæðu, sem sóknaraðili hefur hreyft fyrir Hæstarétti, að fyrrnefnda daginn hafi nýtt fjárnám verið gert fyrir kröfu hans.

Samkvæmt framangreindu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest um annað en málskostnað, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu á báðum dómstigum.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. mars 1998.

I.

Mál þetta var þingfest 17. desember 1997 og tekið til úrskurðar 26. febrúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili, Njörvi ehf., kt. 661093-2349, Lykkju III, Kjalarnesi, gerir þær dómkröfur, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík, sem fram fór 22. október 1997, þar sem gerðarbeiðandi var varnaraðili þessa máls og gerðarþoli Hafbeitarstöðin Kleifum hf., kt. 500686-1119, verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar.

Varnaraðili, Vegmerking sf., kt. 701293-2669, gerir þær dómkröfur, að aðfarargerðin verði staðfest og sóknaraðili úrskurðaður til að greiða sér málskostnað.

II.

Með beiðni 20. október 1997 fór varnaraðili þess á leit við sýslumanninn í Reykjavík, að endurupptekin yrði aðfarargerð nr. 11/1995/21309, sem fram fór 10. janúar 1996 að kröfu varnaraðila hjá Hafbeitarstöðinni Kleifum hf. Hafði fjárnám verið gert fyrir kröfu, að fjárhæð 1.705.136,90 krónur, í bótakröfu, sem hafbeitarstöðin átti á hendur Vátryggingafélaginu Skandia hf. (nú Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt VÍS). Í endurupptöku-beiðninni kemur fram, að eftir að aðfarargerðin fór fram í janúar 1996, hafi VÍS verið tilkynnt um fjárnámið.

Ágreiningur var milli Hafbeitarstöðvarinnar Kleifum hf. og vátryggingafélagsins um bótaskyldu, og lauk honum með dómi Hæstaréttar 15. maí 1997, þar sem krafa hafbeitarstöðvarinnar var tekin til greina að hluta og í þeirri dómkröfu hafði varnaraðili gert fjárnám 10. janúar 1996.

Dráttur varð á greiðslu fjárnámskröfunnar af hálfu VÍS, þar sem fleiri höfðu gert fjárnám í umræddri kröfu, og með bréfi til lögmanns varnaraðila 16. október 1997 taldi VÍS, að vafi væri á rétt hæð þeirra krafna og réttast væri, að sýslumaður tæki bótaféð í sínar vörslur og úthlutaði því.

Með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember sl. krafðist sóknaraðili ógildingar fjárnámsins, sem fram fór 22. október sl., og var málið, eins og áður greinir, þingfest 11. desember sl.

Ágreiningsefni það, sem er hér til úrlausnar, er, hvort skilyrði voru til endurupptöku umræddrar fjárnámsgerðar.

Við þingfestingu málsins kom fram, að Hafbeitarstöðin Kleifum hf. léti ágreining þennan ekki til sín taka, og var aðildin ákveðin í samræmi við kröfugerð aðila.

III.

Sóknaraðili kveður mótmæli sín við því, að umrædd aðfarargerð hafi verið endurupptekin, styðjast við 60. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, þar sem fjárnámssgerð sú, sem fram fór 10. janúar 1996, hafi verið felld niður. Hafi hún verið fallin niður, hvort sem litið sé á 1. eða 2. mgr. 60. gr. laganna. Þar sem fjárnámið sé niður fallið, hafi ekki verið nein heimild til að endurupptaka gerðina. Fjárnám varnaraðila á grundvelli endurupptökubeiðninnar frá 22. október 1997 sé því ógilt. Kveður sóknaraðili varnaraðila þurfa að biðja um fjárnám á nýjan leik vegna kröfu sinnar, og fari það í venjulega tímaröð eftir aldri aðfararbeiðna hjá sýslumanni. Með endurupptökubeiðninni hafi varnaraðili farið fram fyrir beiðni sóknaraðila og fleiri aðila, sem valdið hafi því, að ekki hafi tekist að gera fjárnám í þeim peningum, 2.286.850 krónum, sem teknir hafi verið fjárnámi af varnaraðila og séu varðveittir í bankabók í vörslum sýslumannsins í Reykjavík.

Kveður sóknaraðili varnaraðila hafa verið óheimilt að krefjast endurupptöku beiðninnar með skírskotun til 4. mgr. 57. gr. aðfararlaga, sbr. 66. gr. laganna. Telur sóknaraðili, að 4. mgr. 57. gr. eigi alls ekki við, því að fjárnámið sé fallið niður, eins og fyrr segi, og verði að líta til þeirra atriða, sem fram komi í greinargerð með 57. gr., sbr. 59. gr. aðfararlaga, um að fjárnám sem slíkt veiti gerðarbeiðanda aðeins tryggingarrétt í tiltekinn tíma, en ekki rétt til að krefja skuldara kröfu um greiðslu og ekki heldur til að krefjast vörslutöku í tiltekinn tíma eða umráðasviptingar, ef það eigi við.

IV.

Varnaraðili kveður kröfu sína í fyrsta lagi reista á aðildarskortu sóknaraðila, þar sem hann hafi ekki hagsmuni af máli þessu. Byggi sóknaraðili m. a. á því, að hann hafi gert fjárnám í þeim peningum, sem endurupptöku-fjárnámið hafi verið gert í.

Kröfu sína styður varnaraðili einnig því, að framsal það, sem sóknaraðili vísi til, hafi ekki gildi að lögum. Hafi sóknaraðili því ekki hagsmuni af því að fá fjárnámið ógilt, og nái krafa sóknaraðila fram að ganga, eigi umræddir peningar að ganga til greiðslu á kröfum síðari fjárnámshafa eða skuldars, Hafbeitarstöðvarinnar Kleifum hf., en ekki til sóknaraðila.

Varnaraðili kveður alla framkomu sóknaraðila og Hafbeitarstöðvarinnar Kleifum hf. með umræddu kröfuframsali benda til, að um málamyndagerning sé að ræða og ekki eigi að virða það framsal, og því sé framsalinu mótmælt. Miði bæði sóknaraðili og skuldari við kröfuna sem eign skuldara, eftir að umrætt „framsal“ eigi að hafa farið fram. Til dæmis gerir sóknaraðili sjálfur fjárnám í kröfunni í nóvember sl., en auk þess gerir lögmaður hans í tvígang fjárnám fyrir hönd annarra umbjóðenda sinna í kröfuna fyrir skuld-

um Hafbeitarstöðvarinnar Kleifum hf., bæði vegna kröfu Sindra Sigurðssonar, sem greidd hafi verið af VÍS í nóvember 1997, og f. h. Bifreiðastillingar í nóvember sl., en þar sé reyndar um að ræða fjárnám til tryggingar fyrndum víxli.

Markmið sóknaraðila með málatilbúnaði þessum virðist vera, að Hafbeitarstöðin Kleifum hf. komist hjá að greiða skuldir sínar. Sóknaraðili og Hafbeitarstöðin Kleifum hf. séu í óeðlilega miklum tengslum af tveimur lögaðilum að vera, og séu þeir að misnota stöðu sína. Sem dæmi megi nefna, að meðstjórnandi í hafbeitarstöðinni sé framkvæmdastjóri sóknaraðila og meðstjórnandi sóknaraðila framkvæmdastjóri í Hafbeitarstöðinni Kleifum hf. Virðist því sem hér sé verið að færa til skuldir og kröfur, eftir því sem þurfa þykir, en þess skuli sérstaklega getið, að fjárnámskrafa sóknaraðila sé reist á réttarsátt, eftir að deilur voru risnar um greiðslu kröfunnar.

Einnig sé ljóst, að bætur, sem fengust úr áður nefndu dómsmáli, séu eina eign Hafbeitarstöðvarinnar Kleifum hf. Lögmaður sóknaraðila sé jafnframt lögmaður hafbeitarstöðvarinnar, og sé greinilegt, að nái krafa sóknaraðila fram að ganga, hafi umbjóðendur lögmannsins betri réttarstöðu en aðrir kröfuhafar hafbeitarstöðvarinnar.

Í öðru lagi styður varnaraðili kröfur sína því, að 1. og 2. mgr. 60. gr. aðfararlaga eigi ekki við. Ekki sé unnt að líta svo á, að um skyldu til að biðja um uppboð sé að ræða fyrir en í fyrsta lagi í maí 1997, þegar dómur gekk í málinu. Fyrir þann tíma hafi verið réttarágreiningur um kröfuna og því ekki unnt að biðja um uppboð á henni.

Eftir dómsuppsögu, er varnaraðili hafi hafist handa við að fá fjárnámskröfu sína greidda úr hendi VÍS, hafi því verið borið við, að réttindi einhvers þriðja aðila stæðu því í vegi, að varnaraðili fengi greitt. Hafi ekki verið rétt af hálfu varnaraðila að biðja um uppboð á kröfunni, því að vitað hafi verið, að krafan væri til reiðu hjá greiðanda, en greiðandi ekki viljað greiða vegna óvissu um, hverjum hann ætti að greiða.

Til að fá kröfu sína greidda hafi varnaraðili ekki átt annan kost en fá fjárnámsgerðina endurupptekna á grundvelli 57. gr., sbr. 55. gr. aðfararlaga. Hafi varnaraðili verið með elsta og rétthæsta fjárnámið í umrædda kröfu, og hann hafi gætt réttar síns í hvívetna, m. a. með tilkynningu til þriðja aðila.

V.

Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 er þriðja manni, sem hagsmuni hefur af aðfarargerð, heimilt að bera hana undir héraðsdómara. Í greinargerð sinni lýsir sóknaraðili því, að hann hafi fengið framselda bótakröfuna, sem varnaraðili hafði gert fjárnám í. Þá kveðst sóknaraðili hafa

sent sýslumanni aðfararbeiðni vegna kröfunnar 17. október sl., og hafi hún verið tekin fyrir ásamt annarri beiðni 18. nóvember sl. Varnaraðili hafi fengið fjárnám sitt frá 10. janúar 1996 endurupptekið 22. október sl., og var þá aðfararbeiðni sóknaraðila látin þoka fyrir endurupptökubeiðninni. Sóknaraðili hefur þannig hagsmuni af því að bera aðfarargerðina undir héraðsdóm, og verður kröfu hans ekki hafnað vegna aðildarskorts.

10. janúar 1996 var að kröfu varnaraðila gert fjárnám í „bótakröfu Hafbeitarstöðvarinnar Kleifum hf. gegn Vátryggingafélaginu Skandia hf. vegna tjóns, sem varð í fiskeldiskvíum hafbeitarstöðvarinnar í desember 1992“. Hafbeitarstöðin rak þá mál fyrir héraðsdómi gegn vátryggingafélaginu og krafðist bóta vegna tjónsins. Dómur gekk í héraði 14. júní 1996 og í Hæstarétti 15. maí 1997. Á næstu mánuðum eftir dóm Hæstaréttar reyndi varnaraðili oft sinnis að fá tryggingafélagið til að greiða, en án árangurs, og var þessum tilraunum hans lýst hér að framan. Loks var svo fjárnámið frá 10. janúar 1996 endurupptekið 22. október sl., eins og áður sagði.

Samkvæmt 1. mgr. 60. gr. aðfararlaga fellur fjárnám í lausafé eða kröfu sjálfkrafa niður að liðnu einu ári, frá því að það var gert, hafi krafa um nauðungarsölu eða aðra lögmeta ráðstöfun hins fjárnumda ekki borist sýslumanni innan þess tíma. Í 2. mgr. sömu greinar segir, að ákvæði 1. mgr. gildi ekki, ef framangreindar ráðstafanir hafa ekki verið gerðar vegna réttarágreinings um fjárnámið eða vegna réttinda þriðja manns. Það er skilyrði, að gerðarbeiðandi krefjist þessara ráðstafana innan þriggja mánaða, frá því að slík hindrun er úr vegi. Í þessu máli hindraði framangreindur málarekstur varnaraðila að krefjast ráðstöfunar á hinu fjárnumda til 15. maí 1997. Þann dag byrjaði að líða þriggja mánaða fresturinn samkvæmt 2. mgr. 60. gr. aðfararlaga, og með því að hann var liðinn, þegar fjárnámið var endurupptekið, var það niður fallið, og ber því að verða við kröfu sóknaraðila og fella það úr gildi og úrskurða varnaraðila til að greiða sóknaraðila 50.000 krónur í málskostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Endurupptaka fjárnámsgerðar sýslumannsins í Reykjavík frá 22. október 1997 í aðfarmálinu nr. 9521309, sem fram fór hjá Hafbeitarstöðinni Kleifum hf. að kröfu varnaraðila, Vegmerkingar sf., er felld úr gildi.

Varnaraðili, Vegmerking sf., greiði sóknaraðila, Njörva ehf., 50.000 krónur í málskostnað.